

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-43/2016:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 3. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings við Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Snýst ágreiningur aðila um reikning vegna lagningu heimaæðar. Óskar álitsbeiðandi eftir því að kærunefndin veiti álit sitt á ágreiningnum hvað varði reikning frá nefndum seljanda og því háttarlagi seljanda að svara ekki fyrirspurnum álitsbeiðanda með skýrum hætti.

II

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kærunefndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýr að lagningu nefnds seljanda á heimaæð að fasteign á vegum álitsbeiðanda og reikningi sem nefndur seljandi sendi álitsbeiðanda vegna þess. Telur álitsbeiðandi að gjaldskrá seljanda vegna lagningu heimaæðarinnar eigi að endurspegla sannanlegan kostnað, þar sem ekki sé um skattlagningu að ræða. Þá telur álitsbeiðandi að seljandi hafi ekki svarað því á hvaða gjaldskrá reikningurinn var byggður. Verður því ekki annað séð en að ágreiningur álitsbeiðanda við seljanda varði t.a.m. lög nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga sem og ákvæði stjórnarskrár, sbr. lög nr. 33/1944, um skatta og gjöld og heimildir til innheimtu þeirra. Lítur ágreiningur aðila þannig ekki að afhendingu á vatni í skilningi 1. mgr. 2. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Fellur ágreiningur aðila því ekki undir þjónustukaupalög, neytendakaupalög né lausafjárkaupalög. Af þessu leiðir að kærunefndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kærunefndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson